

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

10. janúar 2008

Efni: Athugasemdir við frummatsskýrslu Vegagerðarinnar um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs nýs Norðfjarðarvegar um Norðfjarðargöng.

Í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar um mat á umhverfisáhrifum nýs Norðfjarðarvegar um Norðfjarðargöng, sem dagsett er í nóvember 2008, er fjallað um áformaðar framkvæmdir við gerð nýrra jarðganga og þjóðvegjar á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Í frummatsskýrslunni eru nefndir nokkrir valkostir en sá kostur sem Vegagerðin leggur til gengur undir heitinu leið 1B. Þar er gert ráð fyrir að göngin liggja í gegnum fjallgarðinn á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar með syðri gangnamunnann vestan þéttbýlis í Eskifirði og nyrðri gangnamunnann gengt Tandrastöðum í Norðfirði. Frá nyrðri gangnamunnannum í Norðfirði er áformað að leggja veg út Hólaströnd sunnan Norðfjarðarár þar til vegurinn þverar ána innan núverandi brúar og að vegurinn tengist síðan núverandi þjóðvegi neðan Skálateigs. Ég tel að þessi staðsetning jarðganga og þjóðvegjar sé afar óheppileg af eftirtöldum ástæðum:

- Norðfjarðarsveit innan Kirkjubóls og í Fannardal er tiltölulega lítið snortið svæði. Þetta er einstaklega fallett land. Jarðirnar Hólar, Tandrastaðir og Fannardalur hafa verið í eyði frá því um miðja síðustu öld og þarna ríkir friðsæld í þröngum dal sem er umluktur bröttum klettóttum fjöllum. Inn í fjöllin skerast fjallaskörð, dalir og gjár. Fjallshlíðarnar eru vel grónar. Lágvaxinn kjarrgróður er áberandi í norðurhlíð dalsins en suðurhlíðin, sem nefnist Hólaströnd, er algerlega ósnortið mýrarland með aurkeilum, skriðum og gilskorningum. Hólaströndin afskaplega fallett ósnortið land sem unun er að horfa á og njóta. Eftir dalnum rennur Norðfjarðará sem er skemmtileg veiðiá. Nokkrar tjarnir eru í Hólahólum og eiga flestir Norðfirðingar ljúfar minningar úr æsku sinni þar sem þeir syntu í tjörnunum í austfirskri sumarblíðunni. Landið er fallett, fjölbreytt og hentar sérlega vel til útivistar. Stór hluti landsins er á náttúruminjaskrá.
Með áformaðri vegagerð yrði þessu svæði spillt verulega og í frummatsskýrslunni segir: "Vegagerð sunnan Norðfjarðarár mun skemma heildarlandslag svæðisins og skilja eftir sig afgerandi sár."
- Norðfjarðarsveit innan Kirkjubóls og í Fannardal hefur verið tiltölulega lítið raskað. Auk nokkurra frístundahúsa eru einu mannvirkin sem eru þar nú tengd vatnsbóli og vatnsveitu Norðfirðinga í landi Tandrastaða. Þessi mannvirki þarf að snyrta með tilliti til þess að þau falli sem best að umhverfi sínu. Þrátt fyrir þessi

Fylgiskjal 17

mannvirki er fjarðarbotn Norðfjarðar einn af fáum fjarðarbotnum Austfjarða, og jafnvel landsins alls, sem ekki hefur verið raskað með umfangsmikilli mannvirkjagerð í formi þjóðvega og raflína.

Með áformaðri vegagerð yrði þessi fjarðarbotn í tölu þeirra íslensku fjarðarbotna sem mest hefur verið raskað.

- Fögur og lítt snortin náttúra sem nýtt er til útivistar er auðlind. Norðfjarðarsveit og Fannardalur er útivistarsvæði sem mikið er notað af Norðfirðingum. Þar gengur fólk sér til heilsubótar og ánægju, fer á gönguskiði, ríður út á hestum sínum, fer í lautarferðir, fer í berjamó, gengur til rjúpnna, veiðir silung í ánni og svo framvegis. *Með áformaðri vegagerð verður svæðið ekki jafn verðmæt auðlind til útivistariðkunar.*

- Norðfjarðará er mjög gjöful bleikjuveiðiá og á meðal þeirra aflahæstu á Austfjörðum og þó víðar væri leitað. Ánni hefur þegar verið spillt verulega með malartöku á svæðinu frá Kirkjubóli út að Grænanesi, en innan Kirkjubóls er áin algerlega ósnortin. Röskun straumvatna getur haft veruleg neikvæð áhrif á lífríki þeirra og vonandi tekst að takmarka efnistöku úr ánni svo henni verði ekki spillt frekar en orðið er.

Innan Kirkjubóls eru skemmtilegir veiðistaðir, t.d. Bakkaselsbreiða, Hólahylur og Hólabreiða. Hrygningarsvæði árinna eru á þessu svæði og þarna eru einnig uppeldissvæði seiða. Þarna una sér við útivist og veiðar nokkur hundruð manns á hverju sumri.

Jafn umfangsmikil framkvæmd og u.þ.b. 8 km löng jargangagerð og u.þ.b. 7 km löng vegagerð krefst þess að komið sé fyrir athafnasvæðum og vinnubúðum á svæðinu. Þungar vinnuvélar og tæki, olfubílar, malbikunartæki og fleira verða á ferð um svæðið, auk þess sem þau verða geymd á svæðinu, þrífín þar og haldið við. Af þessum tækjum skapast veruleg mengunarhætta fyrir ána meðan á framkvæmdum stendur. Einnig er hætt við að frá vinnubúðum komi mengun sem skaðað getur ána. Verulegar líkur eru á mengunaróhöppum í einhverjum mæli við jafn umfangsmikla framkvæmd.

Við jarðgangagerð kemur oft fram mikið vatn. Vatnið á varla aðra leið til sjávar en um Norðfjarðará sem er aðeins í um 200 metra fjarlægð frá nyrðri gangnamunnanum. Hætt er við að því vatni fylgi mikið grugg og jafnvel mengað vatn blandað kemiskum efnum sem notuð eru við gangagerðina. Þarna verður hætta á ferð fyrir lífríki árinna.

Með tilkomu þjóðveggar um svæðið mun umferð bifreiða margfaldast sem mun óhjákvæmilegahafa truflandi áhrif á veiðimenn.

Með áformaðri gangagerð yrði lífríki Norðfjarðarár stofnað í verulega hættu.

Svo sem fram kemur hér að framan tel ég að ef jarðgöng og þjóðvegur á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar verða lögð með þeim hætti sem áformað er og lýst er í tillögu Vegagerðarinnar muni það hafa mjög neikvæð áhrif á svæðið. **Því vil ég leggja til, og óska eftir, að áður en endanleg ákvörðun um legu jarðganganna og vegarins verður tekin verði aðrir valkostir kannaðir ítarlega.**

Ég hef sérstaklega í huga og legg til að eftirfarandi valkostur verði kannaður:

Jarðgöng sem lægju á milli Eskifjarðar og Seldals í Norðfirði. Gangamunnarnir væru annarsvegar vestan þéttbýlis á Eskifirði, á sama stað og gert er ráð fyrir í tillögu Vegagerðarinnar, og hins vegar í suðurhlíðum Seldals í Norðfirði, austan Selár, í um 120-130 metra hæð yfir sjó, sem er mun lægra en eldri hugmyndir um gangamunna í Seldal. Nýr vegur yrði lagður frá gangamunnum í Seldal og tengdist núverandi þjóðvegi efst í Sneiðingum. Ný brú kæmi yfir Hengifossá inn af Sneiðingum en núverandi brú yfir Norðfjarðará yrði notuð áfram. Ég tel að þessi leið hafi marga kosti umfram þann valkost sem kynntur er í tillögu Vegagerðarinnar, og vil ég nefna eftirfarandi:

- Jarðgöngin verða ekki lengri en jarðgöng í Fannardal og jafnvel nokkur hundruð metrum styttri.
- Nýr vegur í Norðfirði yrði mun styttri, jafnvel 3,5 km styttri.
- Enga nýja brú þyrfti að byggja yfir Norðfjarðará og þar með yrði komist hjá því að raska gjöfulem veiðistöðum og uppeldisstöðum árinna. Auk þess lækkaði það kostnað við framkvæmdina
- Vegalengdin frá Eskifirði til Norðfjarðar yrði u.þ.b. 4 km styttri
- Framkvæmdin í heild yrði líklega ódýrari.
- Sú áhætta sem tekin yrði gagnvart lífríkinu í Norðfjarðará yrði í lágmarki.
- Komist yrði hjá efnisvinnslu úr áreyrum Norðfjarðará, eða efnisvinnslan yrði a.m.k. umtalsvert minni.
- Truflun við veiðar í ánni yrði engin umfram það sem gerist í dag.
- Truflun í sumarbústaðabyggðum yrði minni þegar á heildina er lítið þar sem vitað er að sumarbústaðaeigendur í Skuggahlíðarlandi verða fyrir óverulegu ónæði frá núverandi þjóðvegi og það á ekki að breytast.
- Mun minna af óröskuðu landi yrði raskað.
- Mun minna af votlendi og þar með búsvæði votlendis- og mófugla færi forgörðum.
- Útivistarauðlindin í Norðfjarðarsveit og Fannardal yrði ekki skert.
- Fjarðarbotninum, sem í dag hefur verið lítið raskað, verður hlíft.
- Ekki þyrfti að leggja niður varavatsból Norðfirðinga auk þess sem ekki yrði tekin áhætta gagnvart vatnsbólunni inni í Fannardal.


Ef svo ólíklega vill til að niðurstaða Vegagerðarinnar og Skipulagsstofnunar verður sú, að aflokinni ítarlegri skoðun á tillögu minni á jarðgöngum milli Eskifjarðar og Seldals, að jarðgangaleið 1B verði að þeirra mati heppilegri, vil ég koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

- Ég legg til að afstaðan til leiðar 1A verði endurmetin með tilliti til þess að hún verði valin frekar en leið 1B. Ég tel að vægi hugsanlegra snjóflóða á leið 1A sé ofmetið en taka beri ríkara tillit til þess að áhrif hljóðmengunar eru áætluð meiri á leið 1B en leið 1A. Auk þess yrði reglan um 100 metra frjarlægð vegar frá árbakka virt á lengri vegalengd.
- Ég leggst gegn því að umframefni verði haugsett í landi mínu á Hólum.
- Í frummatsskýrslunni kemur fram að gert er ráð fyrir efnistöku á áreyrum í landi Hóla. Ég mun ekki heimila efnistöku í mínu landi á Hólum.

Fylgiskjal 17

- Í frummatsskýrslunni kemur fram að gert er ráð fyrir að vinnubúðir verði reistar á árbakkanum neðan og utan við Naumamel. Ég mun ekki heimila að vinnubúðir verði staðsettar í mínu landi á Hólum.
- Í frummatsskýrslunni kemur fram að gert er ráð fyrir efnisvinnslu- og athafnasvæði neðan Naumamels. Ég mun ekki heimila athafnasvæði eða efnisvinnslu í landi mínu á Hólum.
- Í frummatsskýrslunni kemur fram að gert er ráð fyrir að girt verði meðfram nýja veginum á Hólaströnd. Girðingin mun hefta fôr gangandi fólks og verða lýti í fögru landi. Ég er andvígur því að girt verði meðfram veginum og leggst gegn girðingu í mínu landi á Hólum.
- Gert er ráð fyrir að ræsum verði komið fyrir í veginum þar sem búast má við rennandi vatni. Mikilvægt er að hönnun og gerð ræsa í veginum út Hólaströnd verði þannig háttáð að sem minnst sjónmengun verði af þeim séð frá norðurhluta dalsins.
- Í kafla 4.4.4 . í frummatsskýrslunni segir: "Efni í burðarlög og klæðninu verður malað og þvegið. Það verður meðhöndlað með þeim hætti að gerð verður uppistaða til að grugg úr malara náí að setjast sem mest áður en það rennur í ána." Ennfremur segir í kafla 6.3.7.: "Við jarðgangagerð kemur oft fram mikið vatn og má búast við að svo verði einning við gerð Norfjarðarganga. Frárennsli frá göngum verður leitt í olíu/setskilju og síðan út í nærliggjandi lækni eða ár." Þessar staðreyndir, auk þeirrar staðreyndar að vinnubúðum og athafnasvæðum með stórvirk vinnutæki þar sem notuð eru allskyns kemisk efni fylgja alltaf verulegar hættur á umhverfisslysi, valda mér verulegum áhyggjum um lífríki Norðfjarðarár geti orðið fyrir skaða.

Virðingarfyllst,


Hákon Björnsson
Akurholti 1.
270 Mosfellsbæ
og
Hólum
Norðfirði

Sími 695 0883

Tölvupóstfang: hakon@logborg.is

Fylgiskjal: Kort með valmöguleikum fyrir göng.

